



# Óskað eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenninga

**Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar óskar eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenninga Mosfellsbæjar fyrir árið 2019.**

Umhverfisnefnd veitir árlega umhverfisviðurkenningar völdum aðilum í Mosfellsbæ sem skarað hafa fram úr í umhverfismálum.

**Óskað er eftir tilnefningum frá almenningi um hver hljóta skuli þessa viðurkenningu nú í ár.**

Hægt er að tilnefna einstaklinga, garða, götur, stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki í Mosfellsbæ.

*Tilnefningar má senda rafrænt á heimasíðu Mosfellsbæjar eða með tölvupósti á [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is), og skulu berast fyrir 1. ágúst 2019.*

Umhverfisnefnd mun fara yfir innsendar tilnefningar að því loknu og veita þeim sem verða fyrir valinu viðurkenningar við sérstaka athöfn á bæjarhátíðinni Í túninu heima í lok ágúst.



MOSFELLSBÆR